

ÁLYKTUN UM MIÐLA FÉLAGS HEIMSPEKIKENNARA

BORIN UNDIR AÐALFUND FÉLAGSINS 25. MAÍ 2013

Félag heimspekikennara samþykkir á aðalfundi sínum 25. maí 2013 að eftirfarandi miðlar þjóni sem upplýsingaveita félagsins og rafrænn samskiptavettvangur:

Heimspekitorg.is hýsir upplýsingar sem varða Félag heimspekikennara og birtir fréttir af starfi þess. Á Heimspekitorgi er m.a. eftirfarandi efni:

- upplýsingar um lög, stjórn og starfsemi Félags heimspekikennara
- textar og myndbönd sem skýra markmið og leiðir í heimspekikennslu
- ábendingar um greinar og bækur sem fjalla um heimspekikennslu á íslensku
- tenglasafn þar sem bent er á samtök heimspekikennara og góðar vefsíður um heimspekikennslu
- ábendingar um hvar heimspeki er kennd á Íslandi
- safn eldri Fréttabréfa og áskriftarupplýsingar varðandi Fréttabréfið

Gert er ráð fyrir að innihald og skipulag Heimspekitorgsins sé í stöðugri þróun og að það sé uppfært eftir þörfum. Allt efni á Heimspekitorginu er merkt Copyleft sem þýðir að það er öllum frjálst að nýta það svo lengi sem það er ekki selt áfram í ágóða skyni. Ritstjórn Félags heimspekikennara ritstýrir Heimspekitorginu.

Rafrænt [fréttabréf heimspekikennara](#) er sent mánaðarlega til félagsmanna og annarra áskrifenda. Það er unnið í vefforritinu MailChimp. Þar eru birtar fréttir af væntanlegum viðburðum félagsins, stuttar greinar af ýmsu tagi og tenglar inn á ný verkefni í Verkefnabanka Heimspekitorgsins. Fréttabréfið er að auki sent út til að boða aðalfund og aðra stórviðburði á vegum félagsins. Allt efni í Fréttabréfi heimspekikennara er merkt Copyleft sem þýðir að það er öllum frjálst að nýta það svo lengi sem það er ekki selt áfram í ágóða skyni. Fulltrúar úr ritstjórn Félags heimspekikennara ritstýra Fréttabréfinu og senda það út.

[Facebook síða Félags heimspekikennara](#) er samskiptasíða félagsmanna. Þar eru birtar auglýsingar um alla viðburði félagsins auk þess sem meðlimir síðunnar geta þar bent á fréttir af ýmsu tagi, spurt spurninga og lagt til hugleiðingar sem aðrir geta brugðist við. Ritstjórn Félags heimspekikennara ritstýrir Facebook síðunni og stjórnar aðgengi að henni.

[Verkefnabanki Heimspekitorgsins](#) er námsefnisvefur Félags heimspekikennara. Þar er birt námskrá um heimspekilega samræðu sem skilgreinir færni- og viðhorfamarkmið í þremur þrepum. Í Verkefnabankanum eru bæði grunn leiðbeiningar um heimspekilega samræðu og þjálfun í gagnrýninni hugsun auk verkefna um afmörkuð viðfangsefni af ýmsu tagi. Gefnar eru uppskriftir að röð verkefna sem henta nemendum á ákveðnum aldurstigum til að leiðbeina kennurum við gerð kennsluáætlana. Kennsluseðlar eru samræmdir og verkefnin prófuð af reyndum heimspekikennurum. Allt efni í Verkefnabanka Heimspekitorgsins er merkt Copyleft sem þýðir að það er öllum frjálst að nýta það svo lengi sem það er ekki selt áfram í ágóða skyni. Verkefnabankinn hefur sjálfstæða ritstjórn sem vinnur náið með stjórn og ritstjórn félags heimspekikennara.